

9. Tillaga

til þingsályktunar nm kaup á áhöldum til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu.

(Lögð fyrir Alþingi 1929).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að kaupa fyrir hönd rikissjóðs áhöld til þess að bora með eftir heitu vatni og gufu. Verði áhöldin þvínæst lánuð sveitar- og bæjarstjórnnum, atvinnufyrirtækjum og öðrum þeim, er vilja framkvæma slíkar boranir.

Greinargerð

fyrir tillögn þessari felst í bræfi frá Flóa- og Skeiðanefndinni, dags. 14. des. 1928, svo hljóðandi:

»Með skírskotun til samtals við hæstvirtan forsætisráðherra, leyfir Flóa- og Skeiðanefndin sjer þjer með að leggja til við rikisstjórnina, að hún kaupi áhöld til að bora með eftir heitu vatni og gufu, og láni áhöldin sveitar- og bæjarstjórnnum, atvinnufyrirtækjum og öðrum þeim, er vilja framkvæma slíkar boranir. Eon fremur leggur nefndin til að sett verði lög, er ákveði um rjett til jarðhitaborana og yfir höfnuð um rjett til hagnýtingar á hverum og laugum, svipað-því, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi.

Ástæður fyrir framangreindum tillögum ern þessar:

Til þess að geta notfært sér hita þann, sem víða finst hjer í jörðu, verður sumstaðar að bora djúpt niður, en áhöld þan, sem til þess þarf, eru svo dýr, að engin von er til þess, að einstaklingar eða sveitarfélög treysti sjer til að kaupa þau, einkum þar eð eigi er hægt að vita fyrir fram, hver árangur verður að borunnn-

um. Það sem sjerstaklega vakir fyrir nefndinni, er sú staðreynd, að i nánd við mjólkurbú það, sem verið er að reisa i Flóanum, er sýnilegr nokkur jarðhiti og viljum vjer mæla með því, að mjólkurbúsfelagið fái borunartækin lánuð, ef það óskar þess, og fái að sitja fyrir öðrum, vegna þess að það getur valdið breytingum á húsi og vjelum, frá því sem áætlað hefir verið, ef hægt yrði að virkja þar heilt vatn eða gufu.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir aflað sjer, má gera ráð fyrir að allur útbúnaður, sem nauðsynlegur er til svona borana, mnni kosta 15 til 20 þúsund krónur.

Gagn það, sem hafa má af virkjun heits vatns og gufu er svo þekt, að vjer sjáum eigi ástæðu til að lýsa því hjer.

En vegna þess hvað slíkar boranir eru dýrar — þær kosta að minsta kosti svo þúsundum skiftir — virðist ástæða til að ýta undir framkvæmdir, með því að ríkið kaupi tækiu og taki ef til vill einhveru þátt i borunarkostnaðinum, ef enginn árangur fæst.

Virðingarfylsta.